



Samningar við vatnarækt. Bakki hola 1

Jens Tómasson

Greinargerð JT-86-10

SAMNINGUR VIÐ VATNARÆKT. BAKKI HOLA 1

Holan var boruð nú í september til nóvember og varð 1045 m djúp. Fiskeldisfélagið Vatnarækt lét bora holuna. Enginn samningur var gerður við félagið um vinnu Jarðhitadeildar.

Mjög lítið varð vart við vatnsæðar meðan á borun stóð nema tvær litlar æðar fyrir ofan 200 m dýpi. Í lok borunar var pakkað í 200 m dýpi og dælt niður fyrir pakkarann og þá opnuðust æðar í 400-660 m og 920 m dýpi, en við það að þessar æðar opnuðust byrjaði niðurrennsli í holunni af vatni sem kemur undan fóðringu sem er 23 m djúp. Er þetta 5°C heitt vatn og kælir rennsli holunnar niður í 5-30°C niður í 920 m dýpi (úr 80-120°C).

Það var því ákveðið á verkfundi 27. nóvember 1986 að holan skyldi fóðruð niður í 200 m dýpi og auk þess yrði holan þrýstiprófuð og er áætlaður tími við þá prófun ca 3 sólarhringar. Á ofan nefndum verkfundi sagði ég verkkaupa að þjónusta jarðhitadeildar myndi kosta einhverja peninga, sem líklega yrðu taldir í hundruðum þúsunda og áður en loka-verkið við holuna hæfist mundu þeir skrifa undir samning um væntanlega vinnu JHD og þá um þá vinnu sem þegar hefur verið framkvæmd.

Það sem búið er að vinna: GH 79 klst., JT 42 klst., Ómar 10 klst. Auk þess hefur JHD mælt hita og vídd í holunni 7 sinnum, samtals 6600 m. Áætlaður vinnutími sérfræðinga í verkinu sem eftir er við B-skýrslu 80-100 klst. og fjórar hitamælingar, samtals 4072 m.

Í þessari samantekt vantar vinnu KS við þessa holu. Forsvarsmaður verkkaupa er Bjarni Jónsson Kirkjubæjarklaustri.